



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **BANDARÍSKIR HÁSKÓLAR Á NORÐURSLÓÐUM**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flytur í dag, mánudaginn 13. apríl, setningarræðu á ráðstefnu Fletcher skólans við Tufts háskólann í Boston um Norðurslóðir, Warming Arctic International Inquiry, en hana sækja vísindamenn, sérfræðingar og fulltrúar stjórnvalda í Washington. Forsetinn mun einnig eiga fundi með stjórnendum Fletcher skólans og Kennedy skólans við Harvard háskóla um aukið samstarf að rannsóknum á Norðurslóðum.

Þá mun forseti eiga fund með dr. Daniel Schrag, framkvæmdastjóra Umhverfisstofnunar Harvard, Harvard University Center for the Environment (<http://environment.harvard.edu/>), og viðræður við prófessora, sérfræðinga og doktorsnema á sviði orku- og umhverfismála sem og í hafrannsóknum.

Ari Jónsson rektor Háskólans í Reykjavík og aðrir fulltrúar HR munu taka þátt í ráðstefnunni við Fletcher skólann en fundirnir með fulltrúum Fletcher og Harvard sýna vaxandi áhuga helstu háskóla í Bandaríkjunum á rannsóknum og vísindasamstarfi á Norðurslóðum. Nýlega var og undirritað samkomulag milli Háskólans á Akureyri og Kentucky háskóla um Norðurslóðasamstarf.

Innan fáeinna vikna munu Bandaríkin taka við formennsku í Norðurskautsráðinu og forseti mun í tengslum við ráðstefnuna í Boston eiga viðræður við John Holdren, stjórnanda vísinda- og tæknimála í Hvíta húsinu og formann bandarísku framkvæmdanefndarinnar í málefnum

Norðurslóða, og David Balton sendiherra og aðstoðarráðherra í málefnum hafsins og fiskveiða.

Háskólarnir á Boston svæðinu hafa tekið virkan þátt í Hringborði Norðurslóða, Arctic Circle, og undirbúa nú enn frekari þátttöku í næsta þingi þess sem haldið verður 16.-18. október í Hörpu.

*Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu ráðstefnunnar,*  
<http://fletcher.tufts.edu/WarmingArctic>

*13. apríl 2015*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),  
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson  
skrifstofustjóri (820 4946).*